Sigurgrímur Jónsson.

Barátta við sandfok og sjávarrót.

lv. lokagrein.

Litast um á Baugsstöðum.

Á Baugsstöðum er vítt til veggja . Svo stiklað sé á stóru, er Eyjafjalla og Mýrdalsjökull í háaustri með Kötlugjá blundandi í faðmlagi sínu, héðan séð. Tindafjallajökull, Þríhyrningur og Hekla í norðaustri. Þar lítið til vinstri er Búrfell syðst á Þreppamannaafrétti --Búrfell, sem hin fyrsta virkj í Þjórsá er kennd við. Ef hringnum er nú fylgt til vinstri, taka Þreppafjöllin við --Hagafjall og Þrándarholtsfjall, en yfir þau ber Hestfjallahnjúk á Flóamannaafrétti. Þá tekur við Vörðufell á Skeiðum, Hestfjall og Búrfell í Grímsnesi --fjær í sömu átt og norðar sér til Bjarnarfells, Langjökuls, Laugardalsfjalla, Lyngdalsheiðar, Kálftinda og Ármannsfells, Kerlingarfjöll eru þarna í baksýn, Ingólfsfjall í norðri. Hengill Skálafell, Meitill, Geitafell og Kvennagönguhólar á Selvogsheiði til norð-ns norðvesturs. Reykjanesfjallgarðurinn sýnist fara lækkandi þar vesturaf. Frá suðaustri til suðvesturs er Atlandshafið með Vestmannaeyjar og Surtsey í þægilegri fjarlægð.

Á þessum slóðum er víðastur sjóndeildarhringur í byggð á Íslandi, ógleymanleg fegurð og litadýrð þegar sólstafar á allt umhverfið, og þá ekki síður þegar uppbirtir að kvöldlagi , þokan svífur af vesturfjöllunum og kvöldsólin gyllir loft og fjöll, en ennþá er skuggi yfir öllu eystra. Þá eigum við oft unaðsstundir, Flóamenn.

Í landssýningi og þokusúld er umhverfið drungalegt. En þá raular Atlandshafið lag sitt við ströndina, stundum látt og laðandi , öðru sinnidimmum rómi , drungalegum, og getur sett geig að manni þegar kolsvört vetrarskýin virðast í seilingarhæð en þau endurkasta drunum hafsins, og lesa kunnugir væntanleg veðrabrigði út úr blæbrigðum þessa tröllasöngs náttúrunnar.---

Baugsstaðir standa ýzt á sjávarbakka, en þó í nálægt 800 m. frá efsta fjöruborði. Svæðið þar á milli er fremst klapparhryggur milli Blikalóns og Baugsstaðaár. Baugsstaðaáin , og svæðið að bakkanum , sem bærinn stendur á er grasflöt og gróandi sandur, sem kann að vera einum meter hærra en umrætt fjöruborð.

Að jafnaði er hér lítið um að vera , núorðið , friðsælt og

Lm

fáferðugt. Geldingahnappur og helluhnoðri, ásamt tvívingli mynda smátoppa, sem þéttast ef næði gefst. En sauðkindin er létt í spori í gróandanum þegar hún hleypur á milli toppanna og klippir brumhnappana og ilmjurtir, sem þar eru á milli. Samt er þetta að verða gróið land.

Hreyfi eitthvað í sjó venju fremur, er þetta strax komið í kaf. Minniháttar flóð raska þarna engu, en færa jurtunum kærkominn áburð, þang og þara, sem með tilheyrandi áfoki sands, á sinn þátt í að hækka landið og gjöra það að kjörlandi fyrir búpening, sé það hæfilega setið. Lagðhvít sauðkindin ber þarna baggana úr því komin er miður ágúst, tvílembingarnir 147 16 kg. og kýrnar troðjúra kvölds og morguns.

En þetta hefur ekki náðst baráttulaust. Búpeningur nágrannanna hefur mjög sótt í þetta kjörlendi, einkum var það hrossafans frá Stokkseyri sem mjög leitaði þarna á meðan lítið var um girðingar. Þarna er líka erfitt að girða því, að helst hvergi er öruggt endastæði við sjóinn.

Páll Guðmundsson, sem frá segir í III. þætti þessa greinaflokks stóð í stöðugu stríði við sveitunga sína um þennan ágang hrossa þeirra. Hann smalaði þeim og krafðist lausnargjalds, en þeir létu sér hægt um, og Páll stóðst ekki þá raun að halda hrossunum í svelti. Loks fann Páll það ráð að gera griphelda girðingu, ekki stóra, og þar smalaði hann hrossunum inn. Þau voru ekki í svelti en áreiðanlega ekki á eldisfóðri. Hann lét sveitunga sína frétta af því að ef til vill ættu þeir þarna hross. Hans vegna mættu þau vera þar áfram ef þeir vildu. Þá fóru Stokkseyringar að gæta hrossa sinna sjálfir.

Stærstu sjávarflóðin sem vitað er um, og hér verða 1 - 2 á öld hafa vafalaust átt sinn þátt í þeirri landeyðingu sem hér hefur orðið.

Síðasta stórflóð og jafnframt eitt af þeim stærstu (en örugg flóðför má rekja í jarðveginum hér fyrir ofan) varð hinn 25. janúar 1925. Þann dag var Páll á Baugsstöðum staddur í Tungu, næsta bæ fyrir austan Baugsstaði, og voru þeir nágrannarnir að járna hesta sína vegna fyrirhugaðrar ferðar til Reykjavíkur. Upp úr hádegi gerði ofsaveður af suðri, og áður en þeir áttuðu sig var genginn svo mikill sjór á land, vatnsfyllin orðin svo mikil, að venjuleg leið milli Tungu og Baugsstaða var með öllu lokuð. Páll varð þá að skilja hesta sína eftir og fara gangandi um brú, sem var á Hólalæk (Rauðá, sjá meðfylgjandi kort.) nokkru ofar og ganga síðan beint í veðrið heim til sín, en það er um 1 km., þá var sjódrifið svo mikið yfir Baugsstaði að hann sá sjaldnast til bæjarins.

halli

Þegar upp stytti gaf á að líta. Þar sem áður var afllíðandi, grasi gróinn niður undir Baugsstaðaá var nú svartur sandur og þverhnýptur bakki 4 m. hár 55 m. frá bæjarhúsunum, og nálægt loo m. til austurs og vesturs. Þá þótti ýmsum sýnt, að þarna yrði ekki rönd við reist. En Páll var ekki á því að gefa málið upp.

Á Baugsstöðum er grjótnám mikið og gott. Þarna er suðurjaðarinn á Flóahrauninu og liggja víða viðráðanlegar hellur af ýmsum stærðum og drangar 7o - 8o sm. langir, kjörið hleðslugrjót. Einkum er grjótnámið aðgengilegt milli Baugsstaðaár og Bjarkalóns.

Nú var það einhvern vetur skömmu eftir 1925 að traustan ís lagði á Baugsstaðaá. Þá vatt Páll sér í það að aka grjóti upp að rofbakkanum við bæ sinn. Hann náði 8oo vagnhlössum með einhverri aðstoð nágrannanna, enda stutt að aka þegar áin var á ís.

Hófst nú Páll handa um að hlaða grjóti upp að rofbakkanum. Gróf niðurfyrir það sem hann taldi hættu á að sjór hreyfði sandinn. Þegar hann var búinn að hlaða garðinn í um axlarhæð gerði minniháttar sjávarflóð og flaut grjótið eins og korktappar út um allan sand. Ekki dugði þetta. ~~Um þessar mundir var eldri sonur Páls~~, Siggeir ~~að~~, stofnaði heimili, ~~og~~ reisti hann nýtt íbúðarhús lo. m. frá bakkanum -- fallegt og gott bæjarstæði, ~~en virtist í fræðum og öðlingsgreind vera undirstöðuna. Ekkert í hættu. En þeir feðgar höfðu hugsað ráð sitt.~~

II

Nú tóku ~~þeir~~ Páll að safna hverskonar lífrænum úrgangi sem til féllst, veggja old, heyrudda, moði, áburðarleyfum úr peningshúsum og öðru þesshátt ar. Þessu veltir ~~þeir~~ hann fram af bakkanum og núna er kominn þarna vallgróinn bakki með halla 1 : 5 og má ætla að þetta þoli áhlaup veðurs og sjávar.

I

Á meðfylgjandi korti er sýnir Baugsstaði og ströndina út að Stokkseyri með næsta nágrenni inn til landsins, er sunnan Baugsstaðaár merktur staður "Baugsstaðir fornu."
Þarna er nú Knararósviti. Kunnugir þekkja ekki þetta örnefni á þessum stað, heldur í fjörunni nokkru framar og austar, og hverfur undir sjó á hverju flæði. Örnefnið bendir til þess að bærinn hafi einhverntíma verið fluttur, en engar heimildir munu vera til um það. Hvers vegna var bærinn fluttur ? Landeyðing segja menn.

Í Lesbók Morgunblaðsins, sunnudaginn 29. marz 1942 ritar Páll Sigurðsson læknir gagnmerka grein: "Nokkrar staðfræðilegar athuganir í landnámi Hallsteins Atlasonar." Þaðan er fengið kort það, sem þessari grein fylgir og ástæða hefði verið til að taka mikið af meginmáli greinarinnar hér upp en það yrði of langt mál, aðeins gripið á því allra

nauðsynlegasta til glöggvunar máli mínu. Páll læknir ólst upp á þessum slóðum og því gagnkunnugur öllum staðháttum. Er það mikil trygging fyrir því að skilningur hans sé réttur, auk þess sem grein hans ber með sér mikla hneigð til fræðimennsku.

Á einum stað í grein Páls læknis segir: " Stjörnusteinar. Hvar hefur sá bær staðið ? Samkvæmt Landnámu(Sturlubók) bjó Hallsteinn að Stjörnusteinum. Enginn bær er nú til með því nafni á þessum slóðum, og menn vita nú ekki hvar hann hefur staðið. Örnefnið Stjörnusteinar er þó enn til. Nokkru fyrir austan Stokkseyri gengur klappar og grjótrif frá fjörusandi og alveg fram í skerjagarðinn. Rif þetta heitir Langarif. Á suðaustur horni þess eru nokkrir klettar, sem eru svo háir, að sjávargróður festir sig ekki á þeim, en þó ekki nærri en það að þeir fara í kaf um stórstraumsflóð. Klettar þessir heita Stjörnusteinar. Sumir ætla að þar hafi bærinn Stjörnusteinar staðið og telja sig hafa fyrir því gömul munmæli."

Hér lýkur beinni tilvitnun í grein Páls læknis í bili, aðeins má geta þess að honum þykir staðurinn of framarlega ~~í~~ fjörunni til þess að þar hafi bær nokkurn tíma staðið, en það þarf ekki að skiftą máli í þessu sambandi . Það sem fyrir mér vakir er að benda á að þarna , með nokkru millibili eða nálægt 2 km. , eru komin tvö örnefni frammi í núverandi fjöru sem gætu bent til þess að þarna hafi bær staðið. Það er : Fornu-Baugsstaðir eins og hér er allmennt sagt og Stjörnusteinar. En fremur ~~má geta þess að~~ Páll læknir getur þess að samkvæmt rekaskrá Skálholtsstaðar frá 1270 eigi Skálholtskirkja reka fyrir Stokkseyri á Eyrarbakka í millum Dyralóns og Stjörnusteina og sjónhending fram í öldurif ". Nú þekki eg ekki örnefnið Dyralón , en Dyraós er til , og gæti lónið hafa skift um nafn. Varla þarf að vitja reka á þessum slóðum núna.

Hver er ástæðan fyrir því að land sem áður er talið bæjarstæði og rekafjara fer undir sjó ? Landeyðing er sagt. En þá verður að spyrja: Hvað veldur landeyðingunni? , sérstaklega þegar kemur að Stjörnusteinum. Það er ekkert vatnsfall, sem gæti hafa borið jarðveg í burtu . Brynjúlfur Jónsson fræðimaður frá Minna-Núpi mun fyrstur hafa getið sér til um það að landsig hafi orðið á þessu svæði og ritað um það í Árbók fornleyfafélagsins árið 1905. Hinsvegar hefur prófessor Trausti Einarsson ritað á móti landskenningunni í Skírni 1946.

Sem oddviti sveitar minnar stóð eg fyrir því að grafa tvö holræsi gegnum sjávarkampinn fyrir og eftir 1950, annað úr

Löngudæl vestan við Arnhólma hitt í vestanverðu Stokkseyrarþorpi Á báðum stöðunum er moldarlag ofaná og næst klöppinni undir nálægt 3 m. þykku sandlagi. Sumarið 1971 var grafið fyrir grunni undir nýjan frystiklefa rétt vestan við kirkjugarðinn á Stokkseyri. Grafið var niður á klöpp, og einnig þar kom moldarlagið fram, undir sandinum, ofaná klöppinni. Þetta sama þekkir Páll á Baugsstöðum úr heymlöðu, sem hann gróf við bæ sinn niður á klöpp. Þar var sandur ofar mold neðst. Sama moldarlagið þekkir Páll á Baugsstöðum í fjöruborði á Baugsstaðakampi, suðaustur af Knararósvita. Moldarlag þetta er góð skóflustunga.

Nú segja jarðfræðingar að Flóahraunið hafi runnið eftir ísöld, eða fyrir 8 - 10 þúsund árum. Hvað tók það náttúruna langan tíma að mynda þetta moldarlag ? Og hvernig hafði náttúran frið til þeirrar jarðvegsmyndunar sem til þess þurfti ef landið stóð ekki hærra gagnvart sjó en það gerir nú ? Þetta er rannsóknarefni .

Nú verð eg að fara að stytta mál mitt, og bið þá þann er lesa kann þessar línur um að líta á meðfylgjandi landabréf.

Um Traðarholtsvatn, Grímsá og síðar Skipavatn, vegna þess að hlaðið var fyrir afrennsli Traðarholtsvatns í Grímsá og því veitt í Skipavatn um Nýjalæk (tvöfalda brotalínan á kortinu milli vatnanna), um. þetta vatnasvæði er náttúrlegt afrennsli hluta Flóans, lítið vatnsmagn að jafnaði, en getur orðið mikið í stórrigningum og vetrarleysingum. Endanlegt útfall þessa vatnasvæðis telur Páll, læknir þar sem á kortinu er tvöföld brotin lína milli Grímsár í átt að Arhellum, og enda líka um lægð við austurenda Grímsár í átt að Knarrarósi.

Páll læknir segir: "Eins og eg þegar hefi bent á þá hefur mynni Grímsár legið opið fyrir úthafinu og getur naumast nokkur vafi leikið á því, að áin hefur stíflast eða hálfstíflast um stundarsakir í stórflóðum, ekki stærra vatnsfall en hún hefur verið. Hefur hún þá valdið tjóni einkum á Skipum. Á öðrum stað segir Páll læknir: "Baugsstaðaá rennur til suðausturs, norðaustan við Baugsstaðakamp og hefur upptök í austurenda Skipavatns.-----Við upptökin rennur Baugsstaðaá í gegnum einskonar hlið á tiltölulega mjóum klapparhrygg, og virðist vatnið annaðhvort hafa sprengt í sundur klöppina, eða hliðið er mannaverk (undirstrikað af mér S.J.), og er það líklegra."

Hafi aðstæður á þessum slóðum verið svipaðar og þær eru nú, þegar Skipavatn var opnuð ný útrás um áðurnefnda skoru í klöppina, þá er landið þar fyrir neðan mun lægra eða nálægt 3 til 4 fetum og hefur vatnið grafið sér djúpan farveg um sléttar grundir og valdið þar með verulegum landsspjöllum

fyrir Baugsstaðina. Komið var óbrúað vatnsfall heim að túni, með góðu vaði að vísu; rétt vestan við bæinn. En þegar stærri sjávarflóð gerði varð þetta ófært og leituðu menn þá upp að útfallinu úr vatninu því þar var vað á bergstalli, sem lá nokkru hærra en neðra vaðið. Um þetta segir Páll á Baugsstöðum í óprentuðu handriti, sem hér á eftir verður vitnað í nokkrum sinnum:" Yfir skarðið í klöppina þar sem áin rennur úr vatninu var gerð göngubrú um 1860 eða fyrr. Vað var fyrir neðan brúna, grýtt og vont yfirferðar. Þarna drukknuðu 3 menn í stórflóðum með nokkurra ára milli bili. Einn ætlaði að ríða vaðið milli soga og fórst bæði maður og hestur. ~~Hinn~~ Hinna tók út af brúnni. Örugg frásaga er til frá þessum tíma, sem segir að maður kom að skarði þessu vestanfrá og hafði sjórinn hirt trén sem þar áttu að vera. Þá var kominn svo mikill sjór í lægð sem þarna er fyrir vestan, og hann var nýlega kominn yfir að leiðin til baka var líka lokuð. Hóll er þarna vestan við skarðið rúmum 3 fetum hærri en brúarstæðið. Þar stóð maður þessi flóðið af sér, en varð þó að halda sér í jarðfastan klett í stærstu sogunum, til þess að sjór hrifi hann ekki út í ófæruna. ---..Nálægt 1870 var gerð viðameiri brú á Baugsstaðaá, þó ekki hestfær. Þrjú rekatré voru lögð yfir skarðið og sver járn beygð yfir endana, borað fyrir þeim ofan í klöppina. og blýi rennt meðfram endunum. Þetta átti að fyrirbyggja að sjór tæki brúna með sér. Líklega hafa Baugsstaðabræður, synir Magnúsar Hannessonar er þar bjó 1854 - 1892 smíðað brúna.' .....Um þetta leyti var mikill draugagangur þarna við sjávarsíðuna einkum í sandskörðunum og við Baugsstaðaá. Voru sögur um það sumar skoplegar. Hélzt þetta við fram á síðasta tug 19. aldar. Auðvitað var Bakkus höfuðpaurinn í þessum draugagangi."

Um Baugsstaði lá fjölfarin ferðamannaleið meðan stórárnar, Þjórsá og Ölfusá voru óbrúaðar. Rangæingar og Skaftfellingar fóru þessa leið nær eingöngu að og frá Eyrarbakka á meðan þar var eini verzlunarstaðurinn við Suðurströndina. Enfremur Árnesingar búsettir austan Hvítár -- uppsveitir og austur Flói. Komu þá saman leiðir Austanmanna og Árnesinga við vaðið á Baugsstaðaá. Töldust þetta sýsluvegir þó lítil væri vegagerðin. Leituðu menn því á þurrustu og greiðfærustu blettina, og varð Baugsstaðaland mjög fyrir barðinu á þessari umferð. Sendin grasrótin var viðkvæm og ekki batnaði þetta hvað landeyðingu snerti þegar hestvagnar komu til sögunnar, eftir aldamótin síðustu. Hesturinn fann að léttara var að fara uppúr

götunni útí graslendið,og þannig skárust nýjar og nýjar götur í hinn viðkvæma grassvörð. Brúin á Baugsstaðaá var gerð hestfær rétt fyrir eða um aldamótin síðustu.Var sú brú þar sem áður var göngubrúin.Enginn vegur var lagður að eða frá brúnni og lagðist nú mikið af umferðaþunganum á viðkvæman grassvörð norðanhallt árinnar. Ný eyðilegging,vindur og sjór hjálpuðust að við að flytja burt dýrmætan jarðveg,gróðrarbeð lífsins þar sem vaxtarbroddurinn annars stóð ,og miklu varðaði að verndaður væri. Um þetta segir í handriti Páls á Baugsstöðum:
"Það sem þurfti að gera var að taka fyrir umferðina þarna.Gera brúna á Baugsstaðaá vagnfæra og byggja veg á heiðarbrúnina fyrir norðan ána,sem liggur hærra en árbakkinn, og fyrir norðan túnið og austur fyrir bæ. Þessi vegalengd er nokkuð á annan km. Fyrir sunnan brúna er hálendur og sendinn mói,og var auðgert að laga hann niður á Skipaflatirnar,sem eru á sjávarbakkanum. Þetta var sýsluvegur,og var Júníus Pálsson þá sýslunefndarmaður Stokkseyrarhrepps,og lengi síðan.Við Baugsstaðabræður fórum til hans og sýndum honum fram á nauðsýn þess að taka fyrir umferðina á flötunum og gera nýja brú á ána.Hann tók okkur vel en sá galli var á að sýslusjóður hafði enga peninga til þess að leggja í þetta.Hann væri alltaf í fjárþröng og gæti naumlega haldið við vegunum í sýslunni.Ef við treystum okkur til að gera þetta án þess að fá það strax borgað þá skyldi hann lofa því að sjá um að við fengjum þetta borgað svo fljótt,sem kostur væri á. Okkur þótti þetta góðar undirtektir eftir aðstæðum.

Vorið 1907 byggðum við þarna nýja brú.Vorum við bræður einir við það verk.Við höfðum hana 1 1/2 feti hærri en þágömlu og vel breiða fyrir vagna.Kampana hlóðum við úr góðu grjóti og lögðum í steinsteypu.Timbur og sement fengum við í Kaupfélaginu Ingólfur á Stokkseyri.Brúin var vel gerð.Næsta vor gerðum við veginn ~~veginn~~ austur fyrir Baugsstaðatún,að norðan við það. Vegarstæðið mátti heita lárétt,þó með nokkrum mishæðum. Veginn gerðum við feti hærri en hæstu undirstöðurnar. Vegarstæðið er gott og liggur svo hátt að stórflóð ná honum ekki. Megnið af undirstöðunni er sendin mold,og þurfti því ekki mikinn ofaníburð til þess að fá þar góðan veg.Fyrir norðan túnið þar sem við lögðum veginn var valllendismói og týmdum við ekki að leggja veginn ofan á grasrótina.Skárum við ofan af vegarstæðinu og notuðum þökurnar til þess að klæða sár ,sem voru skammt frá . Þetta var mikið verk.Við vorum fjórir sem unnum að þessu. Við bræðurnir,Ólafur Guðmundsson frá Brekkum í Mýrdal og Þorkell Sigurðsson frá Baugsstöðum,þá 16 ára. Ólafur þessi kom fyrst sem háseti til Andrésar á Vestri-Hellum,

flentist þar og gerðist lausamaður, ágætismaður. Vann hann oft hjá okkur bræðrum. Allt voru þetta góðir verkmenn og Siggeir bróðir minn afbragð annarra manna. Meðan á þessari vegagerð stóð þurftum við að skreppa á sjó til þess að fá í soðið. Einnig gerðum við veg yfir túnið og heim á hlað. Gísli Scheving bóndi í Stakkavík í Selvogi mældi þá jarðabætur hjá búdum. Hann kom til okkar vorið 1909 og leizt vel á verkið, taldi þetta vera svo mikla jarðabót að sjálfsagt væri að styrkja það. Hann sagðist þora að taka alla vegagerðina sem heimreið, en á þær var þá dálítill styrkur. Ofaníburður var nærtækur og bárum við ofaní veginn um sumarið og tvö næstu haust. Sýslusjóður borgaði efnið í brúna, hitt dróst nokkuð á langinn, en að lokum fengum við kostnaðinn að nokkru leyti greiddan. Dálítið þurfti að laga frá brúnni og niður á Skipaflatir. Áður var þetta lága flatlendi kallað Skipasandur, var smágrýttur og grófur, fauk lítið. Frá brúnni að sunnan girtum við með tveimur snúrum fyrir gömlu göturnar. Á einn stólpann settum við spjald, sem Guðrún föðursystir okkar, er þá var stödd á Baugsstöðum skrifaði á :

Sjötta ágúst verður opnuð brúin Baugsstaðaá á
og bragnar eiga að fara nýja veginn.
En þeim forna er öllum vísað frá,
og öflug loka þar að hliðum slegin.

Næsta haust bárum við enn ofan í veginn, var ofaníburðurinn allgóður og nærtækur. Var vegurinn þá fullgerður og mátti heita fallegt mannvirki. Og þótt við fengjum ekki meiri styrk til hans en raun bar vitni vorum við mjög ánægðir þegar þetta var búið. Með þessari vegagerð var tekið fyrir alla eyðileggingu af umferðinni í Baugsstaðalandi. Þegar bílar komu um eða eftir 1920, var brúin of mjó fyrir þá. Varð þá að gera brúna upp og breikka, en höfð var hún í sömu hæð og hún var. ....

Þetta verk er ekki í frásögur færandi því margir hafa annað eins gert fyrir jörð sína. Það sem þarna réð var "Tryggð við ættjörð og hugsjónir". Jörðin var svo rýr og afsérgengin. Verst var slæjuleysið og áburðarleysið. Fyrir Baugsstaðalandi er hraunið svo hátt í fjörunni að enginn gróður er í flæðarmálinu. X

Við bræður höfðum nú kynnst nokkuð sjómennskunni og stórútgerðinni og þá jafnframt kaupsstaðarlífinu og af þeim kynnum fundum við að heima er bezt. Eins og jörðin var orðin afsér gengin mátti það heita barnaskapur að láta sér detta í hug að gera úr henni góða jörð, eða höfuðból, en það var hugsjón okkar bræðra. Það þarf sérstaka skapgerð til þess að koma svona hugsjón í framkvæmd, þolinmæði og þrautsegju. Sjá

X Sjá enn. var byrjað að taka þar hara til áburðar.

möguleikana víða annarsstaðar ,en líta hvorki til hægri né vinstri,og horfa ekki um öxl. Það er mátinn. "

Þannig ritar hinn síungi hugsjóna og eljumaður ,Páll Guðmundsson á Baugsstöðum,sem nú er 85 ára,furðuhress og gleðst við arineld minninganna í öruggu skjóli sona sinna.
Þau hjón ,Páll og Elín á Baugsstöðum eru alltaf jafn góð heim að sækja og ganga nú glöð og áhyggjulaus að hvílu sinni hvert kvöld.

Það er draumur okkar hér við Suðurströndina,að einhverntíma komi brú á Ölfusárós. Þá opnast að nýju hin horfna ferðamannaleið um Eyrar. Á stökustað sér enn þá fyrir götunum þar sem um fór ríkur og snauður,spor genginna kynslóða í gleði og sorg.

Á leið þessari er margt að sjá .Fjallahringurinn, vaxandi þéttbýli, blómlegur búskapur, höfðingjasetur í nýjum stíl. Þar ber þæinna hæst Baugsstaðafeðga.

Ritað á sólstöðum vorið 1972.